**Grænni byggð – Green Building Council Iceland**

Stjórnarfundur # 29

**Staðsetning fundar:** Teams

**Dagsetning:** 21.01.2021 kl. 14:30

**Mætt eru:** Alexandra, Elísabet Sara, Bjarni, Olga, Ragnar, Kristjana, Sirrý, Ólafur

**Fundarritari:** Alexandra

Stjórnarmeðlimir:

- Alexandra Kjeld (AK) – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is
- Kristjana Ósk Jónsdóttir (KÓJ) – Reitir fasteignafélag – kristjana@reitir.is
- Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
- Ólafur Haralds Wallewik (ÓHW) – Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins – olafurw@ru.is / olafur.w@nmi.is
- Ragnar Ómarsson (RÓ)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB) – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is

Stjórnun og skipulagning fundar:

- Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir (ÞFK) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar – tk@graennibyggd.is
- Elísabet Sara Emilsdóttir (ESE) – fyrrum starfsmaður Grænni byggðar, nú hjá Framkvæmdasýslu ríkisins

**Dagskrá fundar 21.01:**

1. **Fundargerð síðasta fundar**
2. **Stefnumótun Grænni byggðar**
3. **HMS – Byggjum grænni framtíð**
4. **Fréttir úr starfinu**
5. **Dagur Grænni byggðar**

1. **Fundargerð síðasta fundar**
   Fundargerð síðasta fundar, rýnd af RÓ, samþykkt.

## 2. Stefnumótun Grænni byggðar

RÓ fer yfir skipulag og tímalínu stefnumótunarvinnunnar (drög hér að neðan), en haldinn var undirbúningsfundur stjórnar GB þann 18. janúar 2021. Markmiðið er að móta 5 ára markáætlun, sem endurskoðuð verður á 2ja ára fresti.

Helstu verkefni framundan og viðmiðunardagsetningar;

- Spurningalisti útbúinn auk leiðbeininga um framkvæmd stjórnendafundar.
- Fundarboð sent út um 10. febrúar, þar sem könnun er lögð fyrir aðildarfélaga. Í kjölfarið verður unnið úr upplýsingum til að undirbúa stefnumótunarfund
- 17. mars: Fundur fyrir stjórnendur aðildafélaga
- Í kjölfarið er unnið úr niðurstöðum fundar og þær sendar á aðildarfélaga. Stjórn GB undirbýr tveggja ára starfsáætlun, sem lögð er svo fyrir aðalfund þann 21. apríl.




**Stefnumótun GB**
**tímalína stjórnar**

| VIKA | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| MARKADAGUR | 20.1.2021 | 27.1.2021 | 3.2.2021 | 10.2.2021 | 17.2.2021 | 24.2.2021 | 3.3.2021 | 10.3.2021 | 17.3.2021 | 24.3.2021 | 31.3.2021 | 7.4.2021 | 14.4.2021 | 21.4.2021 |
| ÁÆTLUN: | **Undirbúnings-fundur stjórnar** | | | **Fundarboð sent** | | | | | **Stjórnenda-fundur** | | **Niðurstaða (skýrsla) send til aðildarfélaga** | **Starfsáætlun stjórnar tilbúin** | | **Aðalfundur** |
| **VERKEFNI:** | | Uppsetning á spurningarlista til stjórnenda.<br><br>Leiðbeiningar um framkvæmd stjórnenda-fundar útbúnar. | | Fundarboð með spurningalista sent á stjórnendur aðildarfélaga | Stjórnenda-fundur | Tekið við innsendum spurninga-listum<br><br>Úrvinnsla og uppsetning á fundarskjölum | | Uppsetning á fundarskjölum lokið | Undirbúningur fyrir fund. Ávarp stjórnar-formanns. | Úrvinnsla úr niðurstöðum stjórnenda-fundar | Starfsáætlun stjórnar mótuð | | | |

3. **HMS – Byggjum grænni framtíð**

Þórhildur fer yfir skipan vinnuhópa fyrir verkefnið Byggjum grænni framtíð (C.3 aðgerðaráætlun í Loftslagsmálum) á vegum HMS. Stefnt er að því að hópar skili af sér 26. mars 2021. Margir í vinnuhópum eru aðilar í Grænni byggð og/eða í stjórn GB. RÓ segir frá undirbúningsvinnu og miklum vilja ráðuneyta til stuðnings verkefnisins. Óskað var sérstaklega eftir faglegri samþættingarvinnu ÞF, sem situr í verkefnastjórn.

Ákveðið var að stjórn GB fengi kynningu á vinnu HMS (Þóra) og á norrænni samantekt (GB).

4. **Fréttir úr starfinu**
    - Íslandsbanki nýr aðili í 2. flokki. Fyrsti bankinn.
    - Fundur með Orkuveitunni.
    - Byggingarstaðlaráð að íhuga nýjan íslenskan staðal um lágorkuhús
    - Fréttabréf – áður en að aðildagjöldin verða send út
    - Aðildagjöld út í lok febrúar
    - Vinna við ársskýrslu og ársreikning að hefjast
    - Starfsáætlun 2021 – fyrir næsta stjórnarfund – í takti við stefnumótun.
    - Morgunfundir? Hugmyndir að þemum:
        - Orkuskipti á framkvæmdasvæðum
            - LV og ÍAV og mögulega verktaki frá Osló
        - Umhverfisvottaður rekstur.
            - BREEAM in USE
            - Svansvottaður hótelrekstur og gistiheimili
        - Norræna samantektin – hvað eru norðurlöndin að gera
            - Sbr. skýrsla GB fyrir HMS

    Viðburðir á næstunni:

    - Vinnustofur á vegum HMS – líklega seinnihluti feb/byrjun mars
    - Norrænt webinar um Finance 11. mars, í hádeginu – fyrir aðila GB
    - Verk og vit 15. – 16. apríl
    - NMÍ in memoriam 1. maí
    - Norrænt webinar um LCA embodied carbon – norræn samhæfing 28. apríl – fyrir aðila GB.
    - Janúarráðstefna Festu 28. janúar
    - Húsnæðisþing 27. janúar
    - Í haust Sustainable Buildings ráðstefnan 30. nóv – 1. des, mögulega hittast þar norrænu GBC.

5. **Dagur Grænni byggðar**
    Lagt var til að miða við vinnudagsetningu 29.apríl. Tilhögun var rædd, hvort um yrði að ræða veffund eða opinn fund, og einnig hver þráðurinn væri í dagskrá. Skipuð var nefnd innan stjórnar til að taka þessi mál áfram og til að undirbúa auglýsingu.

Fundi slitið 15:55